



Sjúkratryggingar
Íslands

Tannlækningar barna



Tímamótasamningur

Samningur á milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og Tannlæknafélags Íslands (TFÍ) um tannlæknaþjónustu fyrir börn og unglinga yngri en 18 ára.

Liðið er 21 ár frá því að síðast var gerður heildstæður samningur um tannlækningar en sá samningur rann út í árslok 1998.

Tannlækningar barna

- Samningurinn tekur til tannlækna sem sinna almennum tannlækningum barna og öðlast hann gildi 15. maí n.k. og gildir til 30. apríl 2019.
- Hann byggir á tillögum starfshóps sem skipaður var af Guðbjarti Hannessyni velferðarráðherra og skilaði tillögum sínum til ráðherra með minnisblaði þann 3. október 2012.
- Þegar samningurinn verður að fullu kominn til framkvæmda mun árlegur kostnaður nema um 1,5 milljarði króna (á verðlagi 2013).



Markmið

- Markmið samningsins er að börn yngri en 18 ára fái nauðsynlega tannlæknaþjónustu óháð efnahag foreldra.
- Þá standa vonir til að samningurinn leiði til þess að tannheilsa barna á Íslandi verði eins og best gerist á Norðurlöndum.

Innleiðing

Tannlæknaþjónusta barna verður innleidd í eftirfarandi áföngum:

- Við gildistöku samnings mun hann taka til 15, 16 og 17 ára barna.
- Þann 1. september 2013 bætast við 3, 12, 13 og 14 ára börn.
- Þann 1. janúar 2014 bætast við 10 og 11 ára börn.
- Þann 1. janúar 2015 bætast við 8 og 9 ára börn.
- Þann 1. janúar 2016 bætast við 6 og 7 ára börn.
- Þann 1. janúar 2017 bætast við 4 og 5 ára börn.
- Þann 1. janúar 2018 tekur samningurinn til allra barna yngri en 18 ára.

Innleiðing

- Helsta ástæða þess að velja þessa leið er sú að vandinn er mestur í elstu aldursflokkunum.
- Mikilvægt er að öll ungmenni verði með heilbrigðan munn við 18 ára aldur.
- Að auki tekur samningurinn til barna í bráðavanda sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður þótt þau falli ekki undir ofangreind aldersmörk.

Heimilistannlæknir

Framvegis munu öll börn hafa sinn eigin heimilistannlækni. Hlutverk heimilistannlæknis er m.a. að boða börn í reglulegt eftirlit, sjá um forvarnir og aðrar nauðsynlegar tannlækningar þeirra.

Sí munu gera foreldrum kleift að skrá barn hjá ákveðnum heimilistannlækni á rafrænan hátt í ***Réttindagátt Sí***

www.sjukra.is



Sjúkratryggingar
Íslands

Rafræn samskipti

Í dag hefur einnig verið undirritaður samningur sem felur í rafræn samskipti með reikningsupplýsingar milli SÍ og tannlækna vegna þjónustu við sjúkratryggða einstaklinga.

Samningurinn mun einfalda reikningsskil á milli SÍ og tannlækna og gera öll samskipti skilvirkari.



**Sjúkratryggingar
Íslands**

